

### Rammagrein 3 Besta framkvæmd við lausafjárstýringu gengisbundinna liða

Á miðju ári 2004 var að frumkvæði Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins settur á fót viðræðuhópur með fulltrúum framangreindra aðila og þriggja stærstu viðskiptabankanna þar sem skipst var á skoðunum um lausafjárstýringu erlendra liða. Viðræðuhópurinn komst að niðurstöðu um tiltekin atriði um viðmið varðandi bestu framkvæmd við lausafjárstýringu gengisbundinna liða og eru þau tilgreind hér að neðan. Fjármálaeftirlitið hefur í hyggju að setja leiðbeinandi tilmæli sem byggjast á þessari vinnu og voru drögin birt í umræðuskjali nr. 3/2004 á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins þann 10. september sl. Fjármála-fyrirtæki hafa frest til 30. september nk. til að koma með athugasemdir. Vonir standa til að þessar tillögur geri lausafjárstýringu gengisbundinna liða gegnsærri og leiði til aukins trúverðugleika. Betra samræmi ætti að verða á milli banka að því er varðar þá þætti sem þarf að horfa til og Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn geta fengið auknar upplýsingar auk þess sem það ætti að auðvelda eftirlit Fjármálaeftirlitsins með lausafjárstýringu gengisbundinna liða.

- *Skipulag og ábyrgð.* Skipulag og ábyrgð lausafjárstýringar þurfa að vera skýr í stjórnskipulagi banka.
- *Stefna.* Æðstu stjórnendur þurfa að marka stefnu um lausafjárstöðu og lausafjárstýringu. Sérstaklega skal mörkuð stefna um lausafjárstýringu gengisbundinna liða.<sup>1</sup>
- *Um fjöllum æðstu stjórnenda.* Stjórn, æðstu stjórnendur og aðrir sem málið varðar, s.s. eigna- og skuldastýringarnefnd eða álíka, skulu fjalla reglulega um lausafjárstýringu.

- *Viðmið.* Sérhver banki skal að lágmarki setja sér viðmið um hlutfall auðseljanlegra eigna í erlendum gjaldeyri og ádráttarlána (þ.e. því sem fjárstýring hefur yfir að ráða) á móti greiðsluflæði erlendra skuldbindinga til a.m.k. eins mánaðar. Jafnframt skulu sett viðmið um hreina stöðu gengisbundinna liða innan mismunandi tímabelta.
- *Dagleg stýring.* Fylgjast þarf daglega með erlendri lausafjárstöðu, bæði innan einstakra gjaldmiðla og í heild, og reikna út viðmið bankans þar að lútandi.
- *Erlend fjármögnun.* Við erlenda fjármögnun þarf með reglubundnum hætti að leggja mat á aðgengi að mismunandi tegundum fjármagns (aðgengi að skuldabréfamarkaði, víxlamarkaði, lánamarkaði, peningamarkaði o.s.frv.). Í því sambandi ætti að leggja áherslu á gott lánshæfismat, dreifingu fjárfesta og fjárfestahópa. Jafnframt þarf að huga að viðhaldi viðskiptasambanda.
- *Varaleiðir.* Huga þarf að varaleiðum í fjármögnun, þ.e. tegundum varaleiða og fjárhæðum. Huga þarf að seljanleika eigna sem varaleið í fjármögnun.
- *Álagspróf.* Reglulega skal meta erlenda lausafjárstöðu á grundvelli mismunandi forsendna (scenarios). Meta skal sérstaklega endurgreiðslur frá aðilum sem tekið hafa gengisbundin lán en hafa ekki tekjur í erlendum gjaldmiðlum.
- *Gengisbundin útlán.* Halda skal sérstaklega utan um umfang gengisbundinna eigna/útlána til aðila sem hafa ekki tekjur í erlendum gjaldmiðlum.
- *Móðurfélag og samstæða.* Ef fjárstýring er miðlæg, þ.e. á samstæðugrunni, skulu framangreind atriði, þ.m.t. viðmið, gilda um samstæðu og móðurfélag.

1. Um skilgreiningu á gengisbundnum liðum vísast til 1. mgr. 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð nr. 387/2002.